

113 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar.**
19. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 6. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi veitir stjórnarráðið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Langholti að Bakka-koti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt húsnæði til þinghalds.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

114 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um lög fyrir Danmörku**
24. okt. **um rétt sjómanna við kosningar til Ríkisdagsins.**

Jafnframt því að leiða athygli yðar, herra sýslumaður, að hjálögðum lög-um fyrir Danmörku um rétt sjómanna til að taka þátt í kosningum til Fólksþingsins og til að kjósa kjórmenn til Landsþingsins, frá 13. maí 1911, skal stjórnarráðið leggja fyrir yður, að greiða fyrir atkvæðagreiðslu sjómanna þeirra, er til yðar kynnu að snúa sér í þessu efni, svo sem fram er tekið í 5. grein nefndra laga.

115 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurveiting**
4. nóv. **hlunninda handa sparisjóði Vestmannaeyja.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá forstöðunefnd sparisjóðs Vestmannaeyja, vill stjórnarráðið hér með veita nefndum sjóði um næstu 5 ár frá 1. marz þ. á. hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

116 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveitfesti Filippiu**
4. nóv. **Þorkelsdóttur.**

Með bréfi, dags. 8. nóv. 1909, skýrði fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu frá því, að fátækra stjórn kaupstaðarins hefði orðið að takast á hendur ábyrgð á legukostnaði stúlkunnar Filippiu Þorkelsdóttur á sjúkrahúsi í Reykjavík og æskti viðurkenningar hreppsnefndar Skefilstaða-hrepps fyrir sveitfestinni, með því að stúlka þessi virtist samkvæmt æfiferils-

skýrslu vera sveitlæg þar í hreppi. Hreppsnefnd Skefilstaðahrepps viðurkendi **116**
 fyrst sveitfestina, en afturkallaði því næst viðurkenninguna með skirskotun til **4. nóv.**
 þess, að hún hefði verið byggð á villu í kirkjubók Hvammsprestakalls. Hélt hrepps-
 nefnd Skefilstaðahrepps því jafnframt fram, að nefnd Filippía Þorkeldsdóttir ætti
 framfærslusveit í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu; hún sé að vísu fædd á Hrauni
 í Skefilstaðahreppi 3. júní 1887, en móðir hennar, ógift stúlka, að nafni Ingibjörg
 Jónsdóttir, hefði frá vinnuhjúaskildaga sama vor verið vistráðið hjú í Höfnum í
 Vindhælishreppi, og verði því að álíta, að lögheimili hennar hafi verið þar og
 Vindhælishreppur þar af leiðandi fæðingarhreppur Filippíu, þótt móðir hennar
 hafi dvalið á Hrauni í Skefilstaðahreppi, þegar Filippía fæddist. Hinsvegar neit-
 aði hreppsnefnd Vindhælishrepps, sem krafín var yfirlýsingar um sveitfestina,
 því eindregið, að Filippía eigi framfærslusveit þar í hreppi, með því að það sé
 upplýst, að vistartíminn í Höfnum hafi eftir samkomulagi ekki byrjað fyrir en
 móðir Filippíu var orðin heil heilsu eftir barnsburð og hún eigi farið þangað fyrir
 en um miðjan júní 1887.

Þessi ágreiningur milli hreppsnefndanna leiddi til þess, að sýslumaðurinn
 í Skagafjarðarsýslu kvað upp úrskurð um málið 14. jan. þ. á. með þeim úrslitum,
 að Filippía skyldi sveitlæg teljast í Skefilstaðahreppi, og að sá hreppur skyldi
 greiða bæjarsjóði Reykjavíkur $\frac{2}{3}$ legukostnaðarins með 144 kr.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Skefilstaðahrepps áfrýjað til stjórnar-
 ráðsins og krafist þess, að umrædd stúlka verði úrskurðuð sveitlæg í Vindhælis-
 hreppi.

Í málinu er ágreiningur um það eitt, hvar heimilisfang móður Filippíu
 hafi verið er Filippía fæddist. Um þetta atriði er það upplýst, að Ingibjörg móðir
 hennar vistaði sig í Höfnum haustið 1886, en fór að áliðnum vetri næsta ár til
 fundar við væntanlega húsmóður sína til þess að tjá henni, að hún væri með
 barni. Varð það þá, samkvæmt réttarframburði húsmóður hennar, að samningum
 milli þeirra, að Ingibjörg skyldi eigi koma í vistina fyrir en hún væri orðin léttari,
 og samkvæmt þessu kom hún sér fyrir á Hrauni og ól þar Filippíu. Í málinu
 liggja enn fremur fyrir vottorð frá ýmsum mönnum, og lágu sum þeirra eigi fyrir
 þegar úrskurðurinn var feldur. Öll þessi vottorð ganga í þá átt, að vistarráðun-
 um hafi eigi verið slitið með umræddu samkomulagi, sérstaklega má nefna vott-
 orð vinnukonu í Höfnum, sem kveðst hafa hlustað á samtal þeirra Ingibjargar,
 og hafi eigi í því verið int einu orði að því, að vistarráðin skyldu hafin, heldur
 hafi aðeins verið um það rætt, að Ingibjörg kæmi eigi í vistina fyrir en að af-
 stöðnum barnsburði.

Samkvæmt þessum upplýsingum verður að lita svo á, að vistarráðin hafi
 eigi verið hafin, og að Ingibjörg hafi því átt heimili í Höfnum er Filippía fæddist,
 en af þessu leiðir, að hún á að úrskurðast sveitlæg í Vindhælishreppi, og sá
 hreppur að skyldast til að greiða $\frac{2}{3}$ legukostnaðarins.

Því úrskurðast:

Umrædd Filippía Þorkeldsdóttir skal teljast sveitlæg í Vindhælishreppi, og

116 greiði hreppsnefnd þess hrepps bæjarsjóði Reykjavíkur $\frac{2}{3}$ legukostnaðarins með 4. nóv. 144 kr.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Vindhælishrepps, og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

117 Bréf stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um stofnun póstafréiðslna.

17. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið, að stofna póstafréiðslur á Akranesi, Bolungarvík, Eyrarbakka, Ólafsvík og Þórshöfn.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafréiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

Auglýsing

um

skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga.

Samkvæmt ályktun alþingis 1911 skal um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins, skipað fyrir á þessa leið:

A. Almenn skilyrði.

1. Að 8 menn eða fleiri í félagi hverju hafi á næsta ári á undan því, er styrkurinn er veittur, unnið að jarðyrkjjustörfum þeim, er til greina eru tekin við styrkveitingu, samkvæmt eftirfylgjandi reglum, að minsta kosti 12 dagsverk hver þeirra.
2. Að félagið hafi sett sér lög og stjórn.
3. Að stjórn félagsins sendi stjórnarráðinu árlega skýrslu um unnar jarðabætur í félaginu, eftir formi, er stjórnarráðið semur og úthlutar, samda af skipuðum skoðunarmanni. Skal henni fylgja:
 - a. Reikningur um tekjur og gjöld félagsins það ár, sem skýrslan tekur yfir, endurskoðaður. Skal hann sýna tölu félagsmanna.

118
23. sept.